



LISTNÁM, NÝSKÖPUN OG SKAPANDI  
GREINAR Á SUÐURLANDI  
GREINING OG STEFNUMÓTUN

SÓKNARÁÆTLUN Á SUÐURLANDI  
2013

## LISTNÁM, NÝSKÖPUN OG SKAPANDI GREINAR Á SUÐURLANDI GREINING OG STEFNUMÓTUN

Útgefandi: Samtök Sunnlenskra Sveitarfélaga

Útgáfuár: október 2013

Skýrslan er hluti Sóknaráætlun á Suðurlandi 2013

Forsíðumynd fengin á vef: [http://www.bbc.co.uk/blogs/parents/painted\\_child\\_hand.jpg](http://www.bbc.co.uk/blogs/parents/painted_child_hand.jpg)



## Efnisyfirlit:

---

|             |   |
|-------------|---|
| Niðurstöður | 4 |
|-------------|---|

---

|           |   |
|-----------|---|
| Inngangur | 6 |
|-----------|---|

---

|                                      |   |
|--------------------------------------|---|
| Sköpun, skapandi greinar og nýsköpun | 8 |
|--------------------------------------|---|

---

|                      |   |
|----------------------|---|
| Markmið verkefnisins | 9 |
|----------------------|---|

---

|                |    |
|----------------|----|
| Verkefnalýsing | 10 |
|----------------|----|

---

|                                      |    |
|--------------------------------------|----|
| Greining skoðunarkönnunar og viðtala | 11 |
|--------------------------------------|----|

---

|                           |    |
|---------------------------|----|
| Greining skoðunarkönnunar | 12 |
|---------------------------|----|

|                                              |    |
|----------------------------------------------|----|
| Greining Fræðslunetið—símenntun á Suðurlandi | 26 |
|----------------------------------------------|----|

|                               |    |
|-------------------------------|----|
| Greining aðrir námsmöguleikar | 27 |
|-------------------------------|----|

|               |    |
|---------------|----|
| Parfagreining | 28 |
|---------------|----|

|          |    |
|----------|----|
| Tillögur | 41 |
|----------|----|

|                        |    |
|------------------------|----|
| Tillaga að stefnumótun | 43 |
|------------------------|----|

---

|            |    |
|------------|----|
| Fylgiskjöl | 46 |
|------------|----|

---



# Niðurstöður

---

Verkefnahópurinn leggur til að unnin verði stefnumótun í samþættingu skólastarfs og skapandi greina og aðgerðaáætlun, í samvinnu við skólastjórnendur, kennara, nemendur, foreldra, listamenn og aðra áhugasama. Mikilvægt er að þær hugmyndir og leiðir sem verði fyrir valinu verði tryggilega studdar af sveitarfélögunum. Skapandi skólar eiga heima í skapandi samfélagi og því mikilvægt að sem flestir komi að þessari vinnu.

Hópurinn leggur til að námskeið og endurmenntun verði sniðin að breyttum þörfum skólanna og svari þannig aukinni áherslu á sköpun í skólastarfinu. Ennfremur er lagt til að tenging milli skóla verði aukin með sameiginlegum verkefnum, fundum og heimsóknnum. Kynning á fyrirmyndarverkefnum sem verið er að vinna innan skólanna er mikilvæg.

Hvatt er til að samstarf skóla og listamanna, fyrirtækja og stofnana innan skapandi greina verði eft. Listamenn geta opnað augu okkar fyrir mikilvægi fjölbreytni og breytilegri nálgun viðfangsefna. Framboð á tónlistarnámi og samstarf tónlistaskóla við skóla á Suðurlandi er til fyrirmyndar. Mikilvægt er einnig að aðgengi að öðrum skapandi greinum og nýsköpun sé tryggt með fjölbreyttu framboði.



Leikskólinn Laugalandi, málað úr mold. Ljósmynd: Sigrún Björk Benediktsdóttir



Skapandi greinar eru sístækkandi hluti hagkerfis okkar. Markviss og metnaðarfull kennsla í skapandi greinum á öllum skólastigum er mikilvægur þáttur í að efla gleði og virkni nemenda. Mikilvægt er að áhersla sé lögð á sköpun í öllu starfi skólanna. Jafnt aðgengi að námi, óháð búsetu, sem styður við sjálfstæði og frumkvæði til verka, þarf að tryggja með aukinni menntun kennara og auknu samstarfi milli skóla, við listamenn og milli skólastiga. Skapandi greinar eru verkfæri til að styrkja og efla frumkvæði og sköpunargleði í skólastarfinu, þar sem sköpunarferlið skiptir ekki minna máli en afrakstur verkefnisins.

Ljóst er að með innleiðingu nýrrar aðalnámskrár og þar með aukinni áherslu á sköpun og einstaklingsmiðað nám er mikilvægt að umhverfi skóla sé í stakk búið til að takast á við verkefnið. Skólastjórnendur bentu á að starfsumhverfi kennara, kjarasamningar og möguleikar til endurmenntunar þurfi að endurspeglar þetta breytta umhverfi.

Skólarnir eru mislangt á veg komnir með innleiðingu grunnþátta aðalnámskrár en ljóst að óskir um menntunarmöguleika fyrir kennara snúast annars vegar um kennsluaðferðir og skapandi nálgun innan hefðbundinna greina og hins vegar um nám innan skapandi greina. Skólastarf á í eðli sínu að vera skapandi. Ólíkar hugmyndir og skilningur skólastjórnenda og kennara á hugtökunum sköpun, skapandi greinum og nýsköpun, geta hamlað því að þeir upplifi starf sitt sem leiðandi afl í skapandi skólastarfi. Kennsla í listgreinum og skapandi greinum er bundin við afmarkaða tíma á flestum skólastigum að leikskólum frátöldum. Samþætta þarf skólastarfið enn frekar í stað þess að afmarka greinar og tengja sköpun eingöngu við skapandi greinar. Sköpun á að vera rauði þráðurinn í öllu skólastarfi.



Leikskólinn Laugalandi, útlístaverk. Ljósmynd: Sigrún Björk Benediksdóttir







Leikskólinn Laugalandi, ungur málarí Ljósmynd: Sigrún Björk Benediktsdóttir

## Inngangur

Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi og ríkisstjórn gerðu með sér samning um sóknaráætlun fyrir Suðurland árið 2013, stefnumarkandi skjal á sviði atvinnu-, menningar- og menntamála. Eitt þeirra átta verkefna sem þar hlutu styrk er **Listnám, nýsköpun og skapandi greinar á Suðurlandi – greining og stefnumótun** og eru niðurstöður þessa verkefnis kynntar í þessari skýrslu. Sjónum var einkum beint að stöðu skapandi greina og nýsköpunar innan skólakerfisins því þar er grunnurinn lagður. Skólar á Suðurlandi voru heimsóttir og rætt við skólastjórnendur á öllum skólastigum.

Til verkefnisins var ráðinn verkefnastjóri auk þess sem verkefnastjórn stóð að baki honum:



Verkefnastjórn:

Unnur Þormóðsdóttir, SASS

Dórothee Lubecki, Menningarráð Suðurlands

Kristín Hreinsdóttir, Skólaskrifstofa Suðurlands

Inga Jónsdóttir, Listasafn Árnesinga

Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir, Fræðslunetið—símenntun á Suðurlandi

Björg Erlingsdóttir, verkefnastjóri

Í nýrri aðalnámskrá frá 2011 er hlutverk sköpunar í skólastarfinu dregið fram og áhersla lögð á sveigjanleika, samvinnu og samstarf. Með nýrri aðalnámskrá er áhersla lögð á mikilvægi sköpunar sem eins af sex grunnþáttum menntunar. Grunnþættirnir eru: læsi, sjálfbærni, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Sköpun á að stuðla að ígrundun og andríki, persónulegum þroska og sveigjanleika í námi, frumkvæði og nýsköpun.

Þegar verið er að ræða um sköpun í skólastarfi er ekki óeðlilegt að horft sé til samfélagsins sem heildar enda skólakerfið ein af grunnstoðum þess. Skapandi samfélag er meðvituð sýn íbúa á umhverfi þeirra, hvort sem um er að ræða skóla, atvinnulíf eða samfélagið í heild. Sköpun er partur af lífi okkar allra og því hægt að segja að hugmyndin um skapandi skólastarf og/eða skapandi samfélag snúist um að draga fram það sem þegar er til staðar, styrkja og efla og vinna þannig markvisst að ímynd Suðurlands sem skapandi samfélags.

Á Suðurlandi er fjölbreytt menningarlíf. Þar er fjöldi listamanna, félagasamtök, kórar, kvenfélög, og tónlistarskólar. Þá má telja söfn, setur og aðstöðu þar sem listmenn geta dvalið í styttri og lengri tíma. Mannauðurinn innan svæðisins er mikill og mikilvægt að skoðaðir séu möguleikar á eflingu samstarfs innan svæðisins milli einstaklinga, fyrirtækja og skólanna. Skólarnir hafa flestir unnið að eflingu sköpunar og skapandi greina í sínu starfi en möguleikar á samstarfi milli skóla opnar á enn frekari þróun og faglegra starf. Minni og stærri skólar geta nýtt sér aðferðir, úrlausnir og þekkingu hvors annars og í sameiningu tryggt aðgengi nemenda sinna að faglegri uppbyggingu sköpunar í skólastarfinu.



## Sköpun, skapandi greinar og nýsköpun

Öll umræða um sköpun, skapandi greinar og nýsköpun býður upp á endalausar umræður um merkingu og innihald þessara hugtaka en hér er miðað við þann skilning sem fram kemur í ritröð menntamálaráðuneytisins um grunnþætti menntunar, *Sköpun*, frá 2012, auk skilgreiningar á skapandi greinum í riti sérfræðihóps sem starfaði á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis og skilaði skýrslunni *Skapandi greinar – sýn til framtíðar*, í september 2012. Skilgreining nýsköpunar er sótt á Vísindavefinn og til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.<sup>1)</sup>



Kerhólsskóli, sáttmáli gegn einelti lesinn. Ljósmynd: Linda Sverrisdóttir

Grundvallarhugsun í ritinu um sköpun í skólastarfi er að sköpun hagnýtir hugmyndir og kveikir nýjar en jafnframt að sköpunargleði eigi sér rætur í eðlislægri forvitni og athafnaþrá og að í skólastarfi fléttist sköpun saman við eða styðji allar greinar og grunnþætti skólastarfsins. Skólastarf, kennsla og miðlun þekkingar er í grunneðli sínu skapandi umhverfi en í stað þess að að innleiða nýja sýn í skólastarfinu snýst aukið vægi sköpunar um að efla enn frekar þennan grunnþátt starfsins.

Skapandi greinar eru mikilvægt verkfæri í að styrkja og efla sköpunargleði í skólastarfinu enda byggja þær á frumkvæði, sköpunargleði og frumleika þar sem sköpunarferlið skiptir ekki minna máli en afrakstur verkefnisins.

1) <http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Skapandi-greinar-syn-til-framtidar.pdf>  
<http://www.nmi.is/frettir/2013/09/nu-er-lag-ad-efla-nyskoepunar-og-frumkvoedlamennt>  
<http://www.visindavefur.is/svar.php?id=6601> 06.09.2013





Nýsköpun í sinni einföldustu mynd er að skapa eða búa til eitthvað nýtt sem og að endurbæta það sem þegar er til staðar. Á þetta jafnt við um nýja eða endurbætta vöru, þjónustu, tækni, aðferðafræði, framleiðsluaðferð, stjórnskipulag eða leið til sölu- og markaðssetningar. Nýsköpun er ekki það sama og ný hugmynd heldur er aðeins talað um nýsköpun þegar hugmyndinni eða endurbótinni hefur verið hrint í framkvæmd.

Skilgreiningar:

- Sköpun, skapandi hugsun – hagnýting hugmynda og kveikja nýrra hugmynda.
- Skapandi greinar – Menningararfur, myndlist, sviðslistir, tónlist, hönnun- og byggingarlist, kvikmyndagerð (framleiðsla sjónvarps-efnis og bókmenntir)
- Nýsköpun – hugmynd eða endurbót hrint í framkvæmd

## Markmið verkefnisins

---

Markmið þessa verkefnis er að greina og setja fram tillögur um eflingu listnáms, nýsköpunar og skapandi greina á öllum skólastigum og fullorðinsfræðslu á Suðurlandi. Þá eru möguleikar á eflingu listnáms, náms á sviði nýsköpunar og skapandi greina á Suðurlandi, greindir og tillögur að uppbyggingu og framkvæmd lagðar fram, auk tillögu að stefnumótun.



## Verkefnalýsing

Verkefninu er skipt upp í tvo meginþætti, annars vegar greiningu og þarfagreiningu og hins vegar stefnumótun, hugmyndavinnu og tillögur um uppbyggingu og framkvæmd. Í greiningarvinnunni er leitast við að greina stöðuna eins og hún er í dag, hvar verið er að vinna markvisst með listnám/skapandi greinar og nýsköpun og hvað þarf til að skólinn geti aukið vægi sköpunar í sínu skólastarfi. Spurningalistar voru lagðir fyrir og viðtöl tekin við skólastjórnendur á svæðinu og voru 40 skólar heimsóttir. Móttökurnar voru góðar og ljóst að aukið vægi sköpunar í skólastarfinu vekur ýmsar spurningar í hugum skólastjórnenda. Skólastjórnendur sjá mikil tækifæri í auknu vægi sköpunar í skólastarfinu en þeir telja að geta kennara til að samtvinna og samþætta sköpun almennu námi sé lykillinn að árangri.

Annar hluti verkefnisins snýr að stefnumótun, hugmyndavinnu og tillögum að uppbyggingu og framkvæmd. Viðtölin hafa vakið upp spurningar um hvernig hægt sé að vinna að þessari uppbyggingu, þeim markmiðum sem eiga að stýra þeirri vinnu, hvar hýsa eigi verkefni eins og þetta, þátttöku kennara, nemenda, skólastjórnenda, sveitarstjórnarmanna og annarra íbúa svæðisins.



Kerhólsskóli, ganga á Vörðufell. Ljósmynd: starfsmenn Kerhólsskóla



## Greining skoðunarkönnunar og viðtala

Viðtöl voru tekin við 40 skólastjórnendur á Suðurlandi. Rétt er að taka fram að í greiningunni er skóla þar sem grunnskóli er heildstæður frá 1.-10. bekk er svörum skipt í tvennt, annars vegar fyrir yngsta- og miðstig (1.-7. bekkur) og hins vegar fyrir unglingastig (8.-10. bekkur). Svörin eru því fleiri en 40. Á unglingastigi eru skapandi greinar oft kenndar sem valgrein og því mikilvægt að skilið sé þarna á milli. Viðtölunum var skipt í spurningakönnun og viðtal. Spurningakönnunin nær yfir greiningu á stöðu kennslu listnáms, nýsköpunar og skapandi greina í skólunum en í viðtölunum var farið ofan í þær þarfir/möguleika sem skólastjórnendur sjá í auknu vægi sköpunar í námskránni.




Leikskólinn Laugalandi, myndlistasýning í skóginum, málað með mold Ljósmynd: Sigrún Björk Benediktsdóttir

Niðurstöðum stöðugreiningar er skipt í nokkra flokka. Fyrst er staðan greind eftir skólastigi og svo rýnt nánar í stöðu kennslu ákveðinna greina. Þá er skoðað hversu marga tíma nemendur fá aðgang að skapandi greinum og rétt að benda á að hér er ekki mjög nákvæm mæling á ferð. Hún gefur þó ágætis mynd af hlut skapandi greina/nýsköpunar í skólastarfinu á ólíkum skólastigum. Áhugavert er að sjá hvert aðgengi nemenda að þessum greinum er, hverjar eru kenndar og hvar möguleikar eru á fleiri kennslustundum. Þá er fagleg þekking starfsmanna skoðuð og aðgengi að námskeiðum innan þessara greina. Að lokum er farið yfir stöðu samstarfs á svæðinu, innan skóla og á milli þeirra, samstarf við utanaðkomandi stofnanir/einstaklinga og húsnæðismál. Þessum síðustu spurningum svöruðu viðmælendur hver á sinn máta og niðurstöðurnar því stutt samantekt á svörum þeirra. Skólarnir voru heimsóttir síðustu tvær vikurnar í júní og í ágúst 2013.



## Greining skoðunarkönnunar


Úrvinnsla spurninganna byggir bæði á heildarsvörum og eins flokkað eftir skólastigi. Í viðauka er að finna niðurstöður fyrir einstök skólastig auk allra skólanna og er þar hægt að rýna nánar í stöðu hvers skólastigs. Eins og áður sagði voru 40 skólar heimsóttir, svörin reiknast vera 50 og skiptast eftir skólastigum: 18 leikskólar, 15 yngsta- og miðstig, 13 unglingastig og 4 framhaldsskólar.



### Spurt um fjölda nemenda á síðasta skólaári

Fjölmennustu skólarnir eru í Árborg en fámennari skólar eru margir á svæðinu. 62% skóla eru með færri en 100 nemendur, 80% með færri en 150 nemendur.

Af þessu má sjá að svæðið einkennist af mörgum og smáum rekstrareiningum með undantekningum í stærstu þéttbýliskjörnunum.




## Spurt um stöðu listnáms, nýsköpunar og skapandi greina í skólastarfinu

Hér var spurt hvort þessar greinar séu hluti af aðalnámskrá, kenndar sem valgreinar og/eða notaðar sem kennsluaðferðir. Svörum er skipt eftir skólastigi og greinum. Listnámskennsla er hefðbundið listnám, myndlist og tónlist og flokkast einnig undir skapandi greinar. Innan skapandi greina flokkast einnig leiklist, smíðar, heimilisfræði, textíll, heimsóknir á söfn og vinna með menningararf, kvikmyndagerð og skapandi skrif.

### Listnám -Myndmennt og tónlistarkennsla

| Listnám                  | Leikskólar | yngsta/miðstigi | Unglingastig | Framhaldsskólar | ALLS |
|--------------------------|------------|-----------------|--------------|-----------------|------|
| Hluti af námskrá skólans | 17         | 15              | 9            | 2               | 43   |
| Kennd sem valgrein       | 3          | 5               | 12           | 3               | 23   |
| Notuð sem kennsluaðferð  | 13         | 6               | 4            | 0               | 23   |

Af þeim 50 skólum sem svöruðu eru listnámsgreinar hluti af námskrá í 43 skólum eða 94% og sem valgrein/kennsluaðferð í 23 skólum eða 46% Innan skólastiganna er skiptingin eftirfarandi innan listnáms:






## Nýsköpun

| Nýsköpun                 | Leikskólar | yngsta/miðstig | Unglingastig | Framhaldsskólar | ALLS |
|--------------------------|------------|----------------|--------------|-----------------|------|
| Hluti af námskrá skólans | 5          | 6              | 3            | 1               | 15   |
| Kennd sem valgrein       | 0          | 0              | 5            | 1               | 6    |
| Notuð sem kennsluaðferð  | 2          | 3              | 2            | 1               | 8    |


Af þeim 50 skólum sem tóku þátt bjóða 20 skólar uppá kennslu í nýsköpun eða 40%. Nýsköpun er hluti af námskrá í 15 skólum og sem valgrein/kennsluaðferð í 14 skólum eða um 30% skóla á Suðurlandi. Þeir leikskólar og flestir grunnskólar sem sögðust vera með nýsköpun sem hluta af aðalnámskrá vinna í útistofum og vildu telja þá kennslu sem nýsköpun. Það er því ljóst að miklir möguleikar eru á að efla kennslu í nýsköpun.



## Skapandi greinar

| Skapandi greinar         | Leikskólar | yngsta/miðstig | Unglingastig | Framhaldsskólar | ALLS |
|--------------------------|------------|----------------|--------------|-----------------|------|
| Hluti af námskrá skólans | 17         | 15             | 10           | 4               | 46   |
| Kennd sem valgrein       | 4          | 5              | 12           | 3               | 24   |
| Notuð sem kennsluaðferð  | 15         | 7              | 7            | 1               | 30   |

Í leikskólum og grunnskólum er oftast kennsla í myndlist og tónlist og í grunnskólum bætast við aðrar skapandi greinar. Leikskólastarfið er þannig uppbyggt að eðlilegt er að lítið framboð sé á valgreinum en ljóst að mikil sóknarfæri eru í innleiðingu og eflingu nýsköpunar í leikskólanáminu. Framhaldsskólinn og unglingastig bjóða uppá þessar greinar sem valfög. Markmiðið með auknu vægi sköpunar í skólastarfi ætti að vera að svar við spurningunni um hvort þessar greinar séu notaðar sem kennsluaðferðir, fengi mun meira vægi. Af þeim 50 svörum sem liggja til grundvallar könnuninni svörðu allir skólarnir 50 því játandi að skapandi greinar væru kenndar og skiptust svörin eftirfarandi:



## Leikskólar

Leikskólar eru mjög langt komnir með samþættingu námsins og sköpun sett í samhengi við allt starf leikskólanna. Leikskólastjórnendur eru meðvitaðir um þetta og töldu leikskólana lengra komna með samþættingu námsgreina og að auka vægi sköpunar í skólastarfinu en hin skólastigin.

## Yngsta- og miðstig grunnskóla

Þegar kemur að grunnskólanum er listnám og skapandi greinar hluti af aðalnámskrá. Nýsköpun er aðeins kennd í 6 skólum en kennsla í útistofum flokkaðist undir nýsköpun. Skapandi greinar eru hluti af aðalnámskrá grunnskóla en bjóðast sjaldan sem val. Lítill hluti skólastjórnenda sér þessar greinar sem kennsluaðferð í skólastarfinu og hér liggur kannski einna mesti möguleikinn á auknu vægi sköpunar í skólastarfinu, að skapandi greinar/nýsköpun og aðferðafræði þeirra séu markvisst nýtt sem kennsluaðferð í öllu námi.

## Unglingastig

Vægi listnáms og skapandi greina sem valgreina eykst til muna á unglingastigi en um leið er áhugavert að sjá að einungis 6 skólar af 13 bjóða uppá nýsköpun, þar af einungis 3 sem hluta af aðalnámskrá. 4 skólar af 13 telja sig nýta listnámskennslu sem kennsluaðferð og rúmur helmingur skóla þegar kemur að skapandi greinum.

## Framhaldsskólar


Skipulag kennslu í framhaldsskóla er í grundvallaratriðum frábrugðið skipulagi á fyrri stigum. Greinarnar eru boðnar annarsvegar sem hluti af námi og hins vegar sem val. Skólastjórnendur framhaldsskóla telja greinarnar ekki til kennsluaðferða og samvinna/tenging milli bókgreina og skapandi greina/nýsköpunar mjög lítil. Skólastjórnendur nefndu að á opnum vikum eða skólakynningum væri skólastarfið mun meira flæðandi og samstarf milli greina, nemenda og kennara með öðrum hætti en ella. Hefðin fyrir samstarfi er því fyrir hendi en mjög afmörkuð við ákveðna viðburði eða vikur.



Allir skólar svöruðu spurningum um aðgengi að listnámi og skapandi greinum en aðeins 21 svar var við spurningu um aðgengi að nýsköpun. Þá var einnig spurt um fjölda kennslustunda sem nemendur fá kennslu í þessum greinum á viku. Skólastjórnendur voru beðnir um að áætla aðgengi nemenda og mælingin því ekki nákvæm. Ljóst er að flestir nemendur fá kennslu í listgreinum í um 4 tíma á viku og aðeins í fjórum skólum telja skólastjórnendur fjölda kennslustunda í skapandi greinum vera 10 tímar eða fleiri. Þessi niðurstaða er í samræmi við svör skólastjórna þegar spurt var um kennsluaðferðir.


### Listgreinar

| Listgreinatímar á viku | Leikskólar | yngsta/miðstig | Unglingastig | Framhaldsskólar | ALLS |
|------------------------|------------|----------------|--------------|-----------------|------|
| 0-4 tímar á viku       | 13         | 8              | 5            | 4               | 30   |
| 5-10 tímar á viku      | 5          | 7              | 8            | 1               | 21   |
| 10+ tímar á viku       | 0          | 0              | 0            | 0               | 0    |




## Nýsköpun

| Tímar í nýsköpun á viku | Leikskólar | Yngsta/miðstig | Unglingastig | Framhaldsskólar | ALLS |
|-------------------------|------------|----------------|--------------|-----------------|------|
| 0-4 tímar á viku        | 3          | 6              | 5            | 2               | 16   |
| 5-10 tímar á viku       | 3          | 1              | 1            | 0               | 5    |
| 10+ tímar á viku        | 0          | 0              | 0            | 0               | 0    |



## Skapandi greinar


| Tímar í skapandi greinum á viku | Leikskólar | Yngsta/miðstig | Unglingastig | Framhaldsskólar | ALLS |
|---------------------------------|------------|----------------|--------------|-----------------|------|
| 0-4 tímar á viku                | 8          | 3              | 1            | 2               | 14   |
| 5-10 tímar á viku               | 10         | 10             | 10           | 2               | 32   |
| 10+ tímar á viku                | 0          | 2              | 2            | 0               | 4    |






Eins og áður hefur komið fram er kennsla í listgreinum og skapandi greinum í nær öllum skólum á Suðurlandi. Flestir hafa nemendur aðgang að þessum greinum 5-10 tíma á viku og aðeins fjórir skólar sem segja aðgengi nemenda meira en það.

Í þessum hluta var að lokum spurt um hvaða greinar skólarnir kenndu þegar kemur að skapandi greinum. Þrjár greinar eru áberandi í þessari greiningu, myndlist, tónlist og sviðslistir. Myndlist er kennd í 98% skólanna og tónlistarkennsla er í öllum skólum á öllum skólastigum. Tónlistarskólarnir á svæðinu starfa á sterkum grunni og öflug samvinna á milli tónlistarskóla og skólanna skilar sér í öflugu tónlistarnámi. Sviðslistir eru bæði leiklist og dans. Yfirleitt bjóða skólarnir uppá námskeið í dansi og mikilvægur hluti skólastarfsins eru hátíðir og skemmtanir þar sem kennarar og nemendur undirbúa leikrit eða leikþætti. Þjóðleikur hefur náð útbreiðslu í grunnskólum á Suðurlandi og er áhugavert dæmi um hvernig efla má aðkomu skapandi greina í skólastarfinu með samvinnu milli skóla og stofnana. Smíðar og textíll voru flokkuð undir hönnun og byggingarlist.



| Skapandi greinar:                          | Leikskólar | Yngsta/<br>miðstig | Unglingastig | Framhaldsskólar |
|--------------------------------------------|------------|--------------------|--------------|-----------------|
| Myndlist                                   | 100,0%     | 100,0%             | 100,0%       | 75,0%           |
| Sviðslistir                                | 77,8%      | 100,0%             | 100,0%       | 100,0%          |
| Tónlist                                    | 100,0%     | 100,0%             | 100,0%       | 100,0%          |
| Hönnun og byggingarlist                    | 61,1%      | 100,0%             | 100,0%       | 100,0%          |
| Kvikmyndagerð - framleiðsla sjónvarpsefnis | 16,7%      | 66,7%              | 69,2%        | 100,0%          |
| Bókmenntum                                 | 55,6%      | 73,3%              | 76,9%        | 100,0%          |
| Menningararfi, safna- og minjavörslu       | 72,2%      | 73,3%              | 69,2%        | 75,0%           |

Tónlistarkennsla sker sig úr en kennsla í myndlist og sviðslistum er einnig öflug. Þá er rétt að benda á að þótt boðið sé uppá flestar greinar skapandi greina á framhaldsskólastigi eru þetta valáfangar og ekki allir nemendur sem velja þessar greinar. Hér sést einnig að miklir möguleikar eru á að efla sköpun í hefðbundnum bókgreinum eins og bókmenntum og kennslu í kvikmyndagerð og tæknigreinum má efla.



## Spurt um samstarfsverkefni, aðstöðu til náms í listgreinum og menntun kennara

Leikskólar hafa náð langt í að samtvinna skapandi greinar öðrum greinum. Í samtölum við skólastjórnendur kom fram að menntun leikskólakennara og ófaglærðra starfsmanna þyrfti að efla og lögðu þeir sérstaka áherslu á menntun í myndmennt og tónlist. Innan leikskólanna var mikil samþætting og samvinna en lítil útfyrir skólana. Nokkrir skólar áttu í samstarfi við tónlistarskóla og félag eldri borgara. Foreldrafélög eru mikilvæg þegar kemur að fjármögnun ferðalaga og heimsókna. Í flestum leikskólum er aðstaða til kennslu í skapandi greinum góð með undantekningum þar sem engar listgreinastofur eru og kennslan fer þá fram inná deildum.



Leikskólinn Laugalandi, málað á trönum. Ljósmynd: Sigrún Björk Benediktsdóttir



Leikskólinn Laugalandi, skapað með efni sem safnað var í skógarferð í

Ásabrekkuskóg. Ljósmynd: Sigrún Björk Benediktsdóttir

Í svörum skólastjórnenda kom fram að flestir grunnskólar og skólar á unglingastigi eiga mikið og gott samstarf við tónlistarskóla á svæðinu. Flestir skólarnir leggja mikla áherslu á kennslu skapandi greina en samtönnun og samvinna með öðrum námsgreinum er enn lítil. Þar er þó að finna undantekningar þar sem skólar leggja áherslu á samvinnu milli greina og aukið vægi sköpunar í öllu skólastarfi. Samstarf útfyrir skólana er einna helst í formi heimsókna á vinnustaði og í fyrirtæki. Aðstaða í skólum til kennslu í skapandi greinum er yfirleitt góð og sér stofur fyrir þessar greinar.



Skólastjórnendur framhaldsskóla lögðu áherslu á að uppbygging kennslu innan framhaldsskóla er með öðru sniði en innan grunnskóla. Val- og skylduáfangar mynda grunninn að stúdentsprófi/lokaprófi og kennslugreinarnar endurspeglar þetta. Samvinna milli greina er ekki mikil og byggir mjög á vilja og getu kennara einstakra greina. Framhaldsskóli er undirbúningsnám fyrir frekara nám t.d. háskólanám og mikilvægt að hlutverk skapandi greina sé meira á þessu skólastigi. Nýsköpun, listnám og skapandi greinar ýta undir hæfni nemenda til að takast á við verkefni, sköpun og framkvæmd.

## ÚR RITRÖÐ UM GRUNNÞÆTTI MENNTUNAR SKÖPUN


Til þess að mæta nýrri og aukinni áherslu á sköpun í menntun á öllum skólastigum þurfa kennarar og raunar nemendur einnig að hjálpast að, gefa sér tíma til að ræða mál og vera óhræddir við að leita nýrra leiða, losa um og láta reyna á óvænt og áhugaverð vinnubrögð. Í öllum skólum fer fram skapandi starf og trúlega miklu víðar í skólastarfi en mörgum er ljóst. Stundum þarf heldur ekki mikið til að þróa það sem fyrir er eða taka mörg skref til að ýta undir og efla sköpun. Í öðrum tilvikum þarf meiri umbreytingu, jafnvel fræðslu og þjálfun í nýjum vinnubrögðum og bættu þekkingu á því hvernig skapandi starf fer fram.

<http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Skapandi-greinar-syn-til-framtidar.pdf>




Þegar spurt var um menntun kennara kemur í ljós að fáir kennarar hafa sérmenntun í listgreinum, nýsköpun og skapandi greinum. Innan skapandi greina eru smíðakennarar og íslenskukennarar sem kenna skapandi skrif. Aðeins 38 af 50 svara þegar kemur að spurningu um sérmenntun kennara í skapandi greinum, listnámi og nýsköpun. Það þýðir að í 12 skólum eða 24%, er enginn kennari með sérmenntun í þessum greinum. Myndmenntakennarar og tónlistakennarar með sérmenntun teljast vera 61, í skapandi greinum teljast þeir vera 153 og í nýsköpun 8. Rétt er að benda á að hér getur oft verið um sama einstaklinginn að ræða sem vinnur á tveimur skólastigum og sérmenntun taldist einnig kennari sem hefur sérhæft sig innan ákveðinnar greinar. Formleg menntun t.d. myndlistarmenntun liggur því ekki alltaf að baki. Innan skapandi greina teljast skapandi skrif og íslenskukennarar sem kenna skapandi skrif eru fjölmennir í þessum hópi. Mun nánari greiningu á bakgrunni kennara innan skapandi greina og nýsköpunar þyrfti að gera til að fá enn betri mynd af menntun þeirra og þeim mannauði sem býr innan þessara greina í skólakerfinu. Skipting milli skólastiga gefur góðar vísbendingar um hvar sóknarfæri leynast í eflingu skapandi greina og nýsköpunar sem hluta af auknu vægi sköpunar í skólastarfi.

Í mínum skóla er sérstakur kennari/kennarar með sérmenntun í



| Fjöldi kennara með sérmenntun     | Leikskólar | Yngsta/miðstig | Unglingastig | Framhaldsskóli | Alls |
|-----------------------------------|------------|----------------|--------------|----------------|------|
| Listnám - fjöldi kennara          | 5          | 27             | 26           | 3              | 61   |
| Nýsköpun - fjöldi kennara         | 0          | 4              | 3            | 1              | 8    |
| Skapandi greinar - fjöldi kennara | 7          | 64             | 66           | 16             | 153  |



## ÚR RITRÖÐ UM GRUNNPÆTTI MENNTUNAR SKÖPUN

Til að auka sköpun í skólastarfi eru tvær meginleiðir sem helst þurfa að fléttast saman og hægt er að styðja með ýmsu móti. Kenna þarf öll fög á skapandi hátt og nota til þess margs konar aðferðir eins og víða hefur komið fram hér að framan. Fjölbreyttar kennsluaðferðir og hugkvæmni kennara eru lykilatriði. Jafnframt þarf að sinna af alúð skapandi listnámi og auka þekkingu og skilning á menningarsögu. Í gegnum listnám og menningarstarf getur einstaklingurinn skilið samtíma sinn og um leið sjálfan sig, hann áttar sig á sérstöðu sinni og finnur um leið til samkenndar með öðrum.

<http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Skapandi-greinar-syn-til-framtidar.pdf>





## Leikskólar

Af þeim 18 leikskólum sem heimsóttir voru svara einungis 6 og innan þeirra eru 5 starfsmenn með sérmenntun í listnámsgreinunum, tónlist og myndlist, og 7 innan skapandi greina. 12 skólar hafa því ekki aðgang að starfsmönnum með sérmenntun innan skapandi greina, nýsköpunar og listnáms. Þetta er áhugavert í ljósi þess að innan leikskólanna er samþætting námsins einna lengst komin og hlutverk sköpunar í skólastarfinu dregið fram í samtölum við skólastjórnendur.

## Yngsta-, miðstig og unglingastig grunnskóla

Allir skólarnir svöruðu því játandi að starfandi séu kennarar með sérmenntun í listnámi, nýsköpun og skapandi greinum. Innan skapandi greina reiknast eins og áður kom fram íslenskukennarar í skapandi skrifum og skekkir sú tala myndina. Niðurstaðan er að, að meðaltali eru 2 fagmenntaðir kennarar í listnámi innan þeirra skóla sem svara, einn kennari í nýsköpun í þeim 4 skólum sem hafa sérmenntaða kennara og rúmlega 5 kennarar að meðaltali innan skapandi greina, skapandi skrifa, smíða og textíls.

## Framhaldsskólar

Í framhaldsskólunum er að finna sérmenntaða kennara innan skapandi greina. Eins og á fyrri skólastigum eru flestir kennararnir innan skapandi skrifa. Þegar skoðuð er niðurstaða á fjölda kennara með sérmenntun í listnámi kemur í ljós að þrír kennarar í þremur skólum hafa sérmenntun í listnámsgreinunum myndlist og tónlist og aðeins einn kennari, í einum skóla með sérmenntun í nýsköpun. Tækifærin í framhaldsskólanum til eflingar sköpunar liggja m.a. í skapandi greinum og ljóst að þar eru mikil tækifæri til að ýta undir hæfni nemenda til sköpunar, nýsköpunar og aðgerða.



# Greining Fræðslunetið—símenntun á Suðurlandi

## Fræðslunetið—símenntun á Suðurlandi

Hérna er yfirlit yfir starfsemi Fræðslunetsins—símenntun á Suðurlandi síðastliðið skólaár, það er haustönn 2012 og vorönn 2013. Það er stefna að hverju sinni sé boðið uppá breitt úrval af námskeiðum sem falla undir skapandi greinar og námskeið sem tengjast þjóðlegu handverki og handverkshefðum á svæðinu. Leitað er til leiðbeinenda á svæðinu og oftast en ekki tekst að nýta þann mannauð sem til staðar er.

Þátttakendur á námskeiðunum eru á öllum aldri (frá 20 ára) og er mikill meirihluti þeirra konur. Margir njóta þess að fá styrki frá sínu stéttarfélagi en námskeiðin eru ekki niðurgreidd eða styrkt af öðrum aðilum að öllu jöfnu. Síðastliðið skólaár voru haldin 22 námskeið í skapandi greinum með um 165 námsmönnum. Fyrir fatlað fólk voru haldin 20 námskeið í skapandi greinum með 66 námsmönnum. Námskeiðin eru mislöng, frá 4 stundum uppí 40 stundir, en oftast í kringum 12 stundir. Þá hefur verið boðið uppá einingabært nám í skapandi greinum en það var frumkvöðlasmiðja og kvikmyndasmiðja og voru þau námskeið 120 stundir hvort. Smiðjurnar eru styrktar af Fræðslusjóði.

### Dæmi um námskeið:


- silfursmíði
- þæfing
- tréútskurður
- tálgun
- þjóðlegt handverk, s.s. lissugerð, orkering og refilsaumur
- þjóðbúningagerð
- myndlist, málun
- skrautskrift
- leðurtöskugerð
- kertagerð, kransagerð og skreytingar úr jurtum
- þrjón og hekl
- logsuða og járnsníði
- smíðanámskeið
- skartgripagerð
- stafræn myndvinnsla
- leikræn tjáning, framsögn, ræðumennska
- gler og hönnun

Auk þessara námskeiða hafa verið haldin skapandi námskeið fyrir Virk og Birtu eftir samkomulagi og námskeið í viðburðastjórnun og vöruhönnun í samvinnu við aðra aðila.



---

Öllum sýningum í Listasafni Árnesinga er fylgt úr hlaði með rituðum texta um sýningarnar sem eru fjölbreyttar og spanna ólík tímabil og tækni. Oft er boðið upp á listamannaspjall þar sem hægt er að ræða við listamenn um hugsunina við tilurð og framkvæmd verka og sýningarstjóra-spjall þar sem rætt er við gesti um það sem sýningunni er ætlað að segja og um listaverkin og höfunda þeirra. Ýmis námskeið og listasmiðjur hafa verið útbúnar af hefðbundnum og óhefð-bundnum toga í tengslum við sýningar .



$\frac{1}{\sqrt{2}} \begin{pmatrix} 1 & i \\ -1 & i \end{pmatrix}$



## Þarfagreining

Í samtölum við skólastjórnendur var sjónum beint að þremur þáttum. Fyrst var rætt um aðlögun skólans að nýrri námsskrá með hliðsjón af auknu vægi sköpunar, hvaða hindranir væri í veginum, hvaða þekkingu og færni þyrfti að efla innan skólans og hvernig auka megi við þessa þætti. Þá var sjónum beint að hlutverki stoðþjónustu og samstarfs. Spurt var um hlutverk stoðþjónustunnar, hvert hlutverk hennar ætti að vera við þróun og mótun skapandi kennslu, hver þörf starfsmanna sé á samstarfi við stofnanir, einstaklinga og fyrirtæki, þekkingu starfsmanna á mannauði í nærsamfélaginu innan skapandi greina og nýsköpunar og getu til að eiga í samstarfi hvað varðar tíma og fjármagn til samstarfs. Að lokum var spurt um hvað þyrfti til þannig að skólinn gæti uppfyllt hugmyndir um sköpun í skólastarfinu, t.d. viðbætur á húsnæði og/eða efling þekkingar innan skólans.



Leikskólinn Laugalandi, spilað á skemmtarann. Ljósmynd: Sigrún Björk Benediksdóttir

## Leikskólar

„Þetta á að gera - við þurfum að vita *hvernig*.“

Í viðtölunum kom fram að leikskólarnir eru langt komnir með innleiðingu sköpunar í skólastarfinu og því frekar um aðlögun að ræða en miklar breytingar. Leikskólarnir hafa því ákveðna reynslu af samþættingu milli greina. Staða leikskólanna er sú að innleiðingarferli er langt komið og ákveðin reynsla hefur orðið til. Leikskólastjórar sjá mikla möguleika í enn frekari eflingu sköpunar í starfinu, t.d. í gegnum skapandi greinar, sem byggir alfarið á þekkingu og getu starfsmanna innan þessara greina og tengingu við annað skólastarf. Hindranirnar snúast helst að því að auka þarf þekkingu og getu starfsmanna til að takast á við þessi verkefni og aðstöðuleysi til þróunar. Leikskólastjórar lögðu mikla áherslu á að unnið verði að því að efla faglega uppbyggingu sköpunar í skólastarfinu með utanaðkomandi aðstoð,



námskeiðum og aukinni menntun starfsmanna. Skólastjórnendur leikskóla veltu margir fyrir sér hvernig skólakerfið ætti að ráða frammúr þessum breytingum án leiðbeiningar og aðstoðar frá þeim sem marka nýja stefnu. Kerfið getur ekki ætlast til að skólarnir bæti þessum þáttum inní allt annað starf, án hjálpar og stuðnings og skilnings á að aukin áhersla á sköpun í skólastarfi kallar á aukið starf. Skilaboðin frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu eru að þetta á að gera en fátt sagt um *hvernig*.

Skólastjórnendur töluðu margir um að innan síns skóla væri verið að sinna hlutverki sköpunar í skólastarfinu, en útfrá lágmarkskröfum, ekkert umfram það. Hægt er að merkja við kennslu í flestum greinum en þá er eftir að skoða hvernig hún er og hversu markvisst unnið er með sköpun í skólastarfinu. Þetta eru þeir þættir sem skólastjórnendur nefndu sem helstu hindranir í innleiðingu sköpunar.

Leikskólastjórar töluðu flestir um að auka þurfi menntun starfsmanna þegar kemur að skapandi greinum og að starfið einkennist oft af tímaleysi til undirbúnings og þróunar. Á undanförnum árum hefur aukins aðhalds verið krafist í rekstri leikskólanna sem hefur komið niður á þróun starfsins um leið og ný aðalnámsskrá kallar á nýjar nálganir og áherslur í starfinu sem þarf að mæta með aukinni þekkingu innan skólastigsins. Menntun starfsmanna er forsenda þessa að hægt sé að auka vægi sköpunar í skólastarfinu og leikskólar sem eru vel mannaðir af menntuðum starfsmönnum eru lengra komnir í samþættingu starfsins.

Endurmenntun hefur verið í algjöru lágmarki síðustu árin. Starfsmönnum finnst þeir ekki hafa þekkingu til að vinna markvisst og innan ákveðinna greina eins og t.d. myndlistar og tónlistar. Kröfur á kennarana breytast líka með auknum tækjum og framförum í tækni. Tölvutækni og þeir möguleikar sem þar liggja eru ágætis dæmi um aðstöðu leikskólanna og starfsmanna þeirra. Tækifærin eru spennandi og áhugavert að tengja hana starfi skólans en starfsmennirnir hafa ekki þekkingu til að takast á við tæknina eða þróa starfið þannig að samþættingin verði og skólastarfið eflist. Starfsmenn tala um að þá vanti þekkingu og leiðir til að vinna innan skapandi greina og þau námskeið sem í boði hafa verið undanfarin ár hafa ekki verið innan skapandi greina eða hvernig innleiða eigi sköpun í skólastarfið.





Stytttri og lengri námskeið, verkefnastjórar sem starfa þvert á deildir og halda utanum skapandi greinar og samþættingu við aðrar greinar, heimsóknir á aðra leikskóla og ráðgjöf frá starfandi listamönnum voru nefnd sem mikilvægir liðir í þróun starfsins í átt til aukinnar sköpunar innan leikskólanna. Gæði kennslunnar eykst með aðkomu þeirra sem kunna betur og þekkja til. Skólarnir þurfa samstarf við aðila sem færa þeim viðbót og verða kennarar kennaranna og um leið kennarar barnanna. Yfirfærsla þekkingar og hugmynda, handleiðsla með framkvæmd þeirra og úrlausnir er nauðsynleg innspýting í starf leikskólanna.

## ÚR RITRÖÐ UM GRUNNPÆTTI MENNTUNAR SKÖPUN

Stjórnendur skóla þurfa einnig að horfa inn á við og íhuga eigið starf og stjórnunarhætti með hliðsjón af hugmyndum um grunnþættina, hlutverk námsgreina eða námssviða, samvinnu starfsmanna, möguleika nemenda, náms- og kennsluhætti, velferð og líðan, leik og sköpunargleði, skólamenningu, nærsamfélag skóla og skapandi skólastarf. Sama máli gegnir raunar um alla sem tengjast skólastarfinu. Mikilvægt er að skoða með opnum huga og gagnrýnum augum viðhorf okkar og venjur í ljósi grunnþátta menntunar.

<http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Skapandi-greinar-syn-til-framtidar.pdf>



Listasafn Árnesinga, Camera Obscura, börn á námskeiði. Ljósmynd: Inga Jónsdóttir



Fræðslunetið—símenntun á Suðurlandi, námskeið í silfursið. Ljósmynd: Fræðslunetið





Leikskólastjórar sjá mikla möguleika í samstarfi og nefndu flestir gott samstarf við Skólaskrifstofuna en viðruðu um leið áhyggjur af þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru. Þá sjá þeir mikla möguleika í samvinnu við listamenn á svæðinu og eru flestir á því að hún mætti vera meiri. Samstarf er yfirleitt tilfallandi og tilboðin koma utanfrá fremur en að frumkvæðið sé hjá skólanum eða að starfið sé markvisst. Fjármagn er ekki til, til þess að borga fyrir aðkeypta vinnu og skólarnir því háðir því að þetta starf sé í formi sjálfböðavinnu. Vinnutími starfsmanna er þétt bókaður og því lítill tími til að skipuleggja verkefni eða samstarf við aðra skóla eða aðila í samfélaginu. Margir skólastjórnendur nefndu hugmynd að verkefnastjóra sem myndi vinna skipulega og markvisst með skólunum og starfsmönnum þeirra og þannig stuðla að öflugu starfi innan listgreina og veita starfsmönnum tíma og aðstoð við að auka sköpun í skólastarfinu. Verkefnastóri/stjórar gætu unnið innan skólanna, milli skóla og skólastiga og verið leiðbeinandi við eflingu sköpunar í skólastarfinu. Samvinna er mikil, milli skóla og við aðila í samfélaginu og kennir þar ýmissa grasa. Samstarf við tónlistarskóla er víða, foreldrafélög og við félög eldri borgara. Miklir möguleikar felast í að efla starfið enn frekar í gegnum aukna samvinnu við aðila í nærsamfélaginu.

Leikskólastjórar lögðu mikla áherslu á menntun og þjálfun starfsmanna og voru minna uppteknir af aðstöðu eða aðstöðuleysi. Vissulega er alltaf hægt að þiggja betri aðstöðu en það var mikill samhljómur um að þekking starfsmanna væri forsendan, betra húsnæði og tæki væri ekki aðalatriði og sköpun innan skólastarfsins gengi útá að gera meira úr minna, nýta hluti vel og horfa í kringum sig. Fjármagn þarf að koma til þannig að hægt sé að bjóða uppá námskeið, afleysingar þarf þannig að kennarar geti sótt sér frekari menntun án þess að skólastarfið riðlist og gera þarf ráð fyrir ferðakostnaði vegna heimsóknna í aðra skóla, námskeiða og tímabundinna verkefna. Skólastarfið þarf tryggt bakland þar sem þekking og geta til að aðstoða við þróun skólastarfsins er tryggð. Stöðugildin á leikskólunum fara í daglegan rekstur en verkefna- og þróunarvinna hefur setið á hakanum frá því fyrir hrun. Starfið er allt bundið inni á deildum en á nokkrum leikskólum var reynsla af verkefnastjórum sem sáu um, t.d. listasmiðjur þvert á deildir. Eftir hrun hefur verið skorið niður á leikskólum eins og annarsstaðar og þessi stöðugildi flest horfið. Reynslan af verkefnastjórum sem vinna þvert á deildir innan ákveðinna greina var mjög góð.



## Yngsta-, miðstig og unglingastig grunnskóla

Grunnskólar á Suðurlandi eru mislangt á veg komnir við innleiðingu sköpunar í skólastarfinu. Sumir eru að fara yfir grunnþættina og hafa skipt þeirri vinnu upp í áfanga og því hafa sumir ekki byrjað á hlutverki sköpunar, aðrir eru lengra komnir og enn aðrir hafa unnið að innleiðingu sköpunar í skólastarfinu á undanförunum árum. Viðhorf skólastjórnenda til sköpunar skiptist einkum í tvennt, þar sem sköpun er tengd við skapandi greinar og hinsvegar þar sem allt skólastarfið, allar greinar eru skoðaðar útfrá sköpun óháð skapandi greinum.

Skólastjórnendur nefndu einkum tvo þætti sem gera innleiðinguna erfiða, annars vegar menntun kennara og hins vegar starfsumhverfi þeirra, kjarasamninga og hefðir innan skólakerfisins. Þá nefndu þeir mikilvægi skilnings kjörinna fulltrúa á innleiðingu nýrrar aðalnámskrár, hvaða áhrif þessar áherslubreytingar hafa á eðli skólastarfsins og starfsumhverfi skólanna. Það getur verið 3-6 ára verkefni að koma á nýjum aðferðum, hugsunarhætti og breyta þannig skólamenningunni. Mikilvægt er að þetta verkefni sé verkefni allra, ekki bara skólanna, heldur sé samfélagið þátttakandi í að efla skapandi skólastarf.

Bent var á að „kerfin“ töluðu ekki mikið saman við þessar breytingar og undanfara þeirra, ný aðalnámsskrá kemur frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til skólanna en það er svo á könnu sveitarfélaganna að mæta þeim þörfum og breytingum sem ný aðalnámsskrá setur skólastarfinu. Þekking og skilningur sveitarstjórnarmanna á starfsumhverfi skólanna kom oft til umræðu hjá skólastjórnendum og þótti þeim boðun nýrrar aðalnámsskrár draga fram gjá milli þeirra sem setja stefnuna og sveitarstjórnarstigsins sem rekur skólana og að skólarnir lendi þarna á milli.

Umræðan um vinnuskyldu kennara og kjarasamninga er mjög erfið og viðkvæm og kjarasamningar eru ekki í takt við þær breytingar sem eru að verða á skólastarfinu. Miðstýringin er mikil í kerfinu og kjarasamningar lita mjög allt skólastarf og setja þeim breytingum sem boðaðar eru ákveðnar skorður. Tími til samráðs er takmarkaður og tíminn sem hægt er að nýta fyrir kennara til að vinna saman utan kennslu er mjög takmarkaður. Skólakerfið er fast í sniðum og skipulag þess býður ekki uppá mikinn sveigjanleika í starfinu. Hugmyndir og þróun sem boðaðar eru í nýrri aðalnámsskrá speglast ekki í því starfsumhverfi sem kjarasamningar móta.



Námsmatið hefur hingað til verið mjög miðstýrt, námsgagnaútgáfa hefur verið mjög miðstýrð, námsskráin var mjög miðstýrð – allt í þrepaskiptingum og svo voru miðstýrðir kjarasamningar. Í dag er búið að brjóta upp námsmatið með áherslu á einstaklingsmiðað nám, losa um námsgögnin þar sem nú má kaupa inn utanaðkomandi efni, bæði rafrænt, forrit og annað og ný aðalnámsskrá boðar opnara og sveigjanlegra skólastarf. En eftir standa kjarasamningar sem endurspeglar ekki þetta breytta umhverfi.



Laugalandsskóli, náttúrufræði. Ljósmynd: María Carmen Magnúsdóttir

Skólastjórnendur voru almennt sammála um að starfsmenn grunnskóla virðist nálgað áherslubreytingar nýrrar aðalnámsskrár með bjartsýni. Áherslur í nýrri aðalnámsskrá krefjast aukinnar samvinnu og samstarfs kennara. Aukið samstarf og nýir vinnuhættir í kennslu setji kröfur á kennara sem þurfi tíma og aðstoð til aðlögunar. Einstaklingsmiðað nám kallar á mun meiri teymisvinnu og mikla þróunarvinnu í kringum starfið. Þarfir nemendanna eru mismunandi og skólakerfið þarf að svara þörfum og getu hvers og eins. Þetta kallar á nýjar vinnuaðferðir og er flóknara í framkvæmd en það kerfi sem skólarnir hafa búið við. Útgangspurning í skólastarfi á að vera: Hvernig erum við að undirbúa einstaklinga undir samfélag sem verður eftir 30 ár, hvernig styrkjum við sjálfsmynd, aukum þrek og þor nemendanna? Sköpun, nýsköpun og skapandi greinar eru leið til að vinna með einstaklingunum og efla getu þeirra.

Innan skólanna eru umræður um endurmenntun skammt á veg komnar en ljóst að aukið vægi sköpunar í skólastarfinu kallar á endurmenntun í öllum greinum. Ný aðalnámsskrá boðar að skapandi hugsun eigi allstaðar heima og ekki bara innan ákveðinna greina. Sköpun er verkfæri í



kennslu almennt þó svo skapandi greinar séu gott tæki til að virkja sköpunina. Endurmenntun er bæði í höndum skólans og eins sjá kennarar um sína endurmenntun. Skólaskrifstofan hefur haldið úti námskeiðum og fræðslufundum sem kennarar hafa sótt og gengið mjög vel.

Álagið er mikið innan skólans, líttill tími fyrir fundarhöld og til að fara á lengri námskeið og þá er vinsælt að fá styttri námskeið í skólann. Stærri skólarnir eiga auðveldara með að fá til sín fræðslu. Allir kennarar þurfa kennslu í sköpun, nýsköpun og frumkvöðlafræðslu en það þarf að tengja þetta nám þeim greinum sem verið er að kenna og finna út hvernig við komum þessari hugsun áfram. Á meðan þessar greinar eru sérgreinar verða þær alltaf sér en eiga að vera hluti af náminu almennt, verða verkfæri og aðferðir til að leysa vandamál. Það er mikilvægt að allir kennarar fái kennslu í skapandi hugsun og skapandi kennslu. Allir séu færir um að kenna skapandi kennslu.

Skólastjórnendur bentu margir hverjir á að kennaramenntunin þyrfti að endurspegla þá áherslu og breytingar sem fram koma í nýrri aðalnámsskrá. Endurmenntun kennara og þau tilboð sem þeim berast þurfa einnig að endurspegla þessa áherslupætti og veita starfandi kennurum tækifæri til að styrkja sig í grunnþáttum námskrárinnar. Skólastjórnendur lögðu áherslu á að endurmenntun og endurmenntunarstefna þurfi endurspegla þessar breyttu árherslur. Námskeið í listgreinum og skapandi starfi þarf að bjóða uppá. Það er boðið uppá ýmsa fyrirlestra en það vantar námskeið þar sem kennarar geta fengið aðstoð með hvernig þeir geti sett sköpun inní sína kennslu. Það eru engin sérstök námskeið í því. Kennararnir þurfa allir að vera meðvitaðir um þessa sex þætti sem áhersla er lögð á í nýrri aðalnámsskrá og þeir þurfa að vera hluti af grunnfærni kennara.



Laugalandsskóli, bálstæði. Ljósmynd: María Carmen Magnúsdóttir



Mikil samvinna er við tónlistarskóla á svæðinu og kennarar tónlistarskólanna oft kennarar í grunnskólunum. Þetta mikla samstarf milli tónlistarskóla skilar sér í öflugri kennslu innan skólanna og er áberandi hversu vel staðið er að tónlistarkennslu í grunnskólum á Suðurlandi. Skólastjórnendur ræddu einnig um samstarf við aðra skóla, önnur skólastig og aðila í nærsamfélaginu. Fram kom að lítið samstarf er á milli skólastiga og eins á milli skóla á svæðinu. Skólastjórnendur eiga gott samstarf en í ljósi þess að verið er að laga skólana að sömu námsskránni gæti verið meira samstarf milli einstakra kennara, innan ákveðinna greina og á milli skóla. Það getur þó verið vandkvæðum bundið og lítill tími í starfi kennarans ætlaður í vinnu sem þessa og fjarlægðir milli skóla oft miklar. Fjarlægðir, tímaskortur og fjármunir setja þessu samstarfi skorður og oftar en ekki byggir það á kunningsskap sem nær útfyrir starf skólanna. Þá veltu skólastjórnendur því fyrir sér hvar frumkvæðið að slíku samstarfi ætti að liggja og ábyrgðin að viðhalda því. Allt samstarf er af hinu góða, bæði við fyrirtæki og aðra skóla auk þess sem samvinna við starfandi listamenn mætti vera meira. Skólastjórnendur sáu mikla möguleika í auknu samstarfi og nefndu haustþingin sem gott dæmi um þá innspýtingu sem verður í skólastarfið þegar samtal við aðra fagaðila verður og tengsl myndast milli skóla og kennara.

Hlutverk Skólaskrifstofu er að veita námsráðgjöf og kennsluráðgjöf auk þess að bjóða ýmis námskeið en gott væri ef hægt væri að leita til sérfræðinga, t.d. í skapandi greinum og nýsköpun. Skólarnir hafa sjálfir staðið fyrir námskeiðum, t.d. vegna kennslu í útistofum. Samtal og samvinna milli sérgreinakennara er mjög mikilvægt. Skólastjórar vilja auka þetta samtal og samstarf sín á milli, formlegt og óformlegt spjall sem getur t.d. nýst vegna námskrár, hvert eru hinir komnir og annað tengt því. Allt snýst um hvernig við skiljum sköpun og hlutverk sköpunar í skólastarfi, skiljum við þetta eins eða hvað erum við að tala um? Er ekkert skólastarf án sköpunar eða erum við að tala um að auka hlut sköpunar og hvað ætlum við að ganga langt? Mikilvægt er að tryggja aðgengi allra nemenda á svæðinu að skapandi skólastarfi. Þekking starfsmanna á þeim mannauði sem er í samfélaginu er yfirleitt mjög góð en skólastjórnendur benda á að samstarf útfyrir nærsamfélag þeirra myndi skila miklu í þróun starfsins.





Ný aðalnámskrá kallar á meira fjármagn þar sem nýjar aðferðir krefjast nýrrar nálgunar í kennslu. Fjölga þarf kennurum með sérmenntun, t.d. í nýsköpun og skapandi greinum um leið og efla þarf fræðslu til kennara í öllum greinum um eflingu sköpunar innan sinna greina. Spurning um peninga til að búa til aðstöðu en ekki síður til að búa til aðstæður til að samþætta og fá kennara til að vinna saman. Búa þarf til samstarfsvettvang og brjóta upp stundatöfluna og aðskilnaðinn sem skapast í hefðbundnu skólastarfi. Aðstaða til kennslu í skapandi greinum er yfirleitt góð en eins og gefur að skilja þarf að bæta aðstöðu í sumum skólum á meðan aðrir eru vel settir. Skólastjórnendur lögðu áherslu á að skólarnir þyrftu að geta endurnýjað tæki sín og fylgt eftir þeirri tækniþróun sem er í samfélaginu. Skólarnir eru mislangt komnir við innleiðingu teymisvinnu og samstarfs milli greina og stiga innan skólanna. Skapandi greinar eru dýrar í rekstri bæði hvað varðar efni og mannahald en í öflugri kennslu skapandi greina liggja einnig möguleikar á tengingu yfir í aðrar greinar. Skólarnir þurfa að geta fylgt eftir þróun, t.d. í tölvumálum og þannig tryggt nemendum sínum aðgang að nýjum miðlum. Kennarar þurfa að hafa getu til að takast á við nýja miðla og þá möguleika sem þeir opna í skólastarfinu.



Laugalandsskóli, tónlistarval og leiklistarval. Ljósmynd: Sigurjón Bjarnason og Kristjana Guðjónsdóttir

Þá þarf fjármagn í tímabundin verkefni sem geta veitt mikla innspýtingu í skólastarfið. Þessi verkefni geta verið í formi námskeiða, samstarfs eða ráðningar verkefnastjóra yfir innleiðingu ákveðinna grunnþátta námskrárinnar. Mikil gerjun er í skólamálum og mikilvægt að skólarnir nái að fylgja þessari þróun með utanaðkomandi aðstoð og hjálp við að styrkja þann hóp sem fyrir er. Skólastjórnendur lögðu áherslu á að innan skólanna starfi dugmiklir og hæfir einstaklingar sem væru vel í stakk búnir til að takast á við þessar áherslubreytingar en til þess að starfið yrði öflugt þyrfti oft utanaðkomandi aðstoð við innleiðingu grunnþáttanna. Gera þarf ráð fyrir auknum kostnaði við innleiðingu nýrrar aðalnámsskrár, aðhaldi og eftirfylgni enda byggir innleiðing nýrrar aðalnámsskrár á getu og vilja kennara til að takast á við þessi verkefni.





Skólustjórñendur nefndu margir, líkt og leikskólakennarar, möguleika nýrrar tölvutækni, t.d. spjaldtölva og mikilvægi þess að kennararnir þekktu vel til þeirra möguleika sem slík tækni veitir, kynnu að nýta hana og miðla þekkingu sinni, deila og þróa í samvinnu við aðra. Sama á við um nýsköpun og innleiðingu sköpunar almennt í skólastarfinu, allt byggir þetta á færni kennara til að miðla til nemenda og þróa í samvinnu við þá og aðra kennara. Um leið og þetta verður hluti af þeirri hugsun hvernig við lærum þá breytist umhverfið og vægi nýsköpunar, skapandi greina og sköpunar almennt verður meira.

Þetta er gjörbreyting á skólastarfinu og hér þurfa nemendur og foreldrar líka að vera með. Þetta er ný sýn á skólastarf, afmarkar og eyðir ákveðnum römmum í kringum greinar. Ef menn sjá það ekki eru þeir ekki að lesa þetta rétt eða skilja. Þú verður að taka heildina og gera þær breytingar sem þarf, það er allt umhverfið sem liggur undir, grunnhugsunin hvernig þú nálgast kennslu og skólastarf. Meginmunurinn er þannig að í gamla kerfinu skipti einkunnin máli en í nýja kerfinu hvaða manngerð kemur útúr skólanum. Nýja námskráin útskrifar nemendur á þeirra forsendum, á þeirra gildum, með sterka sjálfsmynd og koma út í lífið sem sterkir einstaklingar.

## NÚ ER LAG AÐ EFLA NÝSKÖPUNAR- OG FRUMKVÖÐLAMENNT

Nýsköpunar- og frumkvöðlamennt byggir á kennslufræði, sem greint hefur verið sem eflandi kennslufræði. Slík kennslufræði byggir á þeirri megin áherslu að nemendur hafi ríkuleg tækifæri til að stýra námi sínu, velja viðfangsefni, hugmyndir, aðferðir og útfærslur í verkefnum sínum. Þar skarast gjarnan hlutverk kennara og nemenda þar sem nemendur í nýsköpunar- og frumkvöðlamennt eru álitnir sérfræðingar í sínum eigin hugmyndum en ekki kennarinn. Sú menntastefna, sem birtist í aðalnámskrá allra skólastiga, byggir á sex grunnþáttum menntunar sem eiga að vera leiðarljós í skólastarfi. Einn þessara grunnþátta er sköpun, sem hlýtur að teljast lykilþáttur í allri nýsköpunar- og frumkvöðlamennt. Ennfremur má nefna að hinir fimm grunnþættirnir geta skarast og undirbyggt vinnu í NFM að verulegu leyti: Læsi, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sjálfbærni. Læsi á tækni og samfélag, samstarf og geta til að bregðast við margs konar þörfum og vandamálum, félagslegum og umhverfislegum, eru gjarna ríkur þáttur í NFM verkefnum. Nýsköpunar- og frumkvöðlamennt felur í sér áherslu, nálgun og ramma sem fellur vel að þeirri hugsun og grunnþáttum sem nýja námskráin leggur áherslu á með eflandi kennslufræði sem yfir undir hæfni nemenda til sköpunar, nýsköpunar og aðgerða.

<http://www.nmi.is/frettir/2013/09/nu-er-lag-ad-efla-nyskoepunar-og-frumkvoedlamennt/>



## Framhaldsskólar

Á Suðurlandi eru fjórir framhaldsskólar starfandi. Starfsemi skólanna er mismunandi, áherslur milli skóla ólíkar og þeir mislangt komnir með að efla sköpun í sínu starfi. Launamál kennara og starfsumhverfi þeirra, kjarasamningar og aðkoma þeirra að þessum breytingum er ákveðin hindrun. Hugmyndir um stytting námsins hafa einnig spilað inni umræðuna. Skólarnir nálgast þetta verkefni annars vegar með því að efla skapandi greinar innan skólans og vægi þeirra í lokaprófi og hins vegar er unnið að því að efla sköpun í öllum greinum, samvinnu milli greina og þróun kennsluaðferða. Þetta er sama niðurstaða og varð með grunnskólana/unglingastig, skólarnir nálgast aukið vægi sköpunar í skólastarfinu annars vegar með því að vilja efla skapandi greinar á meðan aðrir skólar líta á allt skólastarfið sem vettvang sköpunar í starfinu. Mikil gróska er í kennsluaðferðum og samþættingu og það er sú þróun sem þarf að verða til að sköpunin skili sér inni kennslufræðina.

Skapandi greinar þrífast best með blöndun og þekkingu utanfrá og eru öðruvísi uppbyggðar en hefðbundnar greinar en þó ný aðalnámsskrá sé komin virðist sá sem setur línurnar ekki gera ráð fyrir að skólarnir geti svarað þessum nýju hugmyndum og áherslum. Hvernig eiga kennarar að nýta grunnþættina inni hefðbundnar greinar – þarna verður til vettvangur fyrir kennara í mismunandi greinum til samráðs og samvinnu. Kennsla fer ekki bara fram innan fjögurra veggja skólans og kennarar þurfa að fá svigrúm til þess að nota umhverfið. Greinar sem vinna saman skila nýjum leiðum og auka sköpun í skólastarfinu.

Kjaramálin eru ekki í takt við breytingar á aðalnámsskránni og þeir sem breyttu aðferðafræðinni er ríkið sjálft, ekki kennararnir og ekki skólarnir í sjálfu sér. Þessi heildræna hugsun er alltaf að gleymast. Það gengur ekki að lengja skólaárið og þjappa kennslunni á færri ár, án þess að taka kjaramálin með. Áfangaskólarnir eru í betri stöðu en bekkjaskólarnir þar sem námið er einstaklingsmiðaðra og þar er hægt að ráða hraðanum á náminu. Grunnskólinn verður að fylgja með í þessum breytingum og menn þurfa að horfa á skólastigin sem heild. Með styttingu námstímans þurfa kennarar að vera mun hæfari í mörgum greinum, geta kennt t.d. stærðfræði og íslensku eða aðrar greinar. Auknar kröfur verða á kennarana en í dag fá kennarar leyfisbréf útá greinar og því útilokað fyrir litla framhaldsskóla – sérstaklega úti á landi – að sérhver kennari sé með sérnám og leyfisbréf bara fyrir þá grein sem hann er að kenna



Endurmenntun er undir hverjum og einum kennara komin og hvatinn til að sækja námskeið er ekki mikill. Endurmenntun byggir því á áhuga og vilja kennaranna sjálfra frekar en vilja skólastjórnenda og þeirri stefnu sem skólinn er að vinna eftir. Fram kom að skólastjórnendur hafi ekkert vald yfir því hvar menn sækja sér endurmenntun eða hvernig. Þetta er mikill galli í allri þróun innan skólans. Það þarf að auka framboð á formlegum námskeiðum en námskeið og markviss endurmenntun er leiðin að faglegra starfi. Kjarasamningar eru dragbítur á þróun en um leið er hægt að dáðst að kennurum sem í dag gera langt umfram það sem hægt er að fara frammá. Þolgæði kennara og vilji til að vinna og þoka málum áfram, af ástríðu fyrir starfinu, er aðdáunarverður í þessari stöðu sem hægt er að kalla ringulreið.



FAS, opin vika, fatahönnun Ljósmynd: FAS

Stoðþjónusta framhaldsskólanna er í ráðuneytinu og er í raun ekki mikil. Skólarnir á Suðurlandi hafa ekki mikið samstarf sín á milli en samstarfið fer eftir verkefnum og því sækja þeir sér bakland víða um land. Í sjálfu sér er baklandið því ekki mikið og mesta þróunin verður innan skólans sjálfs, í samvinnu kennara og vilja til að þróa starfið. Það kvikna endalausar hugmyndir og það er það sem er heillandi við skólastarfið, sjálfstæði kennarans. Hann getur útfært hlutina með óhefðbundnum leiðum ef hann hefur hugmyndaflug til þess. Samtal og samvinna leiðir af sér nýjar hugmyndir og nýjar aðferðir. Sköpunin kemur innanfrá. Stífur tímarammi skólakerfisins setur starfinu skorður, bæði í kennslu og innra starfi. Það er tíma-pressa að komast yfir efnið en nú er starfið að þróast þannig að vinnan getur spannað mörg svið og gerir starfið sveigjanlegra hjá nemandanum.



Að mati skólastjóra þarf að forgangsraða og fjárfesta í menntuninni, sem verður aldrei ofmetin. Vægi verkgreina hefur verið skorið niður í sparnaði – sérstaklega í grunnskólanum – og þetta verknám er gríðarlega mikilvægt. Námið er vissulega dýrara en mjög mikilvægt. Aðföngin eru dýrari og minni hópar sem hver kennari sér um það þarf samfélagslega viðurkenningu á því að menntakerfið þarf meira fjármagn en það fær í dag. Það þarf að vera samfella í starfinu, frá grunnskóla og uppí framhaldsskóla.

Fjármagn og rekstrarfé framhaldsskólanna hefur ekki leyft að skólarnir sé að kaupa aðkeypta vinnu eða þjónustu síðustu árin. Þetta er hins vegar samstarf sem gæti gefið skólanum mikið, sérhæfðir sérfræðingar sem geta veitt tímabundinn stuðning t.d. til styrkingar kennslunni. Þess vegna upplifa kennarar kannski að þeir þurfi að læra nýtt og nýtt til að veita nemendum það sem þeir þurfa. Það er enginn hvati innan kerfisins og meiri þörf og áhugi starfsmannanna sem rekur þá áfram í að viðhalda þekkingu sinni. Skólinn getur skipulagt starfið sitt utanum þarfir kennara til endurmenntunar, það er hægt. Kerfið sjálft er ekki hvetjandi t.d. til samstarfs við sjálfstætt starfandi listamenn.



FAS, opin vika, tónlistarval. Ljósmynd: FAS



## Hugmyndir skólastjórnenda

---

Hér á eftir fylgja hugmyndir frá skólastjórnendum sem komu fram í viðtölum og þarfagreiningu. Aukinn fjöldi og úrval námskeið og efling samstarfs á Suðurlandi. Skólastjórnendum þótti kerfið þungt í vöfum og að langan tíma taki að koma verkefnum á. Samráðsfundir geti leyst þetta, leiðin milli manna er oft löng og samráðsfundur kennara, skólastjórnenda og stoðkerfis gæti eflt samstarfið og samvinnu milli skólanna.

- Efla samstarf milli skólastiga
- Aukið samstarf milli kennara á ólíkum skólastigum
- Aukið samstarf og samráð milli sérgreinakennara á ólíkum skólastigum og milli skóla
- Endurmenntun fyrir kennara sem nýtist í eflingu sköpunar í skólastarfinu með staðbundnum námskeiðum og praktískri nálgun
- Aukið samstarf milli leikskóla
- Samstarf við starfandi listamenn í styttri og lengri tíma
- Samstarf við söfn og fyrirtæki
- Efla framboð á námskeiðum innan skapandi greina
- Hvetja starfmenn til þekkingaröflunar t.d. með hvata í launum
- Ófaglærðir geti safnað námskeiðum uppí ákveðin stig í námi leikskólakennara
- Leiðbeining í kennsluaðferðum og grunnfærni
- Grunn- og hæfninámskeið í listgreinum og skapandi greinum, skapandi starfi
- Verkefnastjóra sem myndi vinna skipulega og markvisst með skólunum og starfsmönnum þeirra
- Listgreinakennarar starfandi hjá sveitarfélögunum, geta farið á milli skóla og skólastiga
- Fá endurmenntun HÍ með sér í lið við að búa til námskeið sem henta starfseminni
- Aukið samstarf við tónlistaskóla
- Samhljóm á svæðinu í stefnumótun skapandi greina og nýsköpunar
- Efla nám og fræðslu í nýrri tækni, iPad, upptökur, klipping og tölvuteikning





- Efla kynningu þeirra skapandi verkefna sem verið er að vinna innan skólanna
- Þjóðleikur, markvisst samstarf grunnskóla og Þjóðleiks
- Efla danskennslu
- Hugmyndabanka
- Heimsóknir í skóla
- Efla smiðjur í skólunum
- Sérfræðiaðstoð við innleiðingu grunnþátta nýrrar aðanámskrár
- Sjónvarpsþætti um það starf og þá gerjun sem er á öllum skólastigum
- **Samráð á Suðurlandi!**



Leikskólinn Laugalandi, andlitsmálning á náttfataballi. Ljósmynd: Sigrún Björk Benediktsdóttir





## Tillaga að stefnumótun

---

### LISTNÁM Á SUÐURLANDI

Hér fylgir tillaga að stefnu um eflingu sköpunar í skólastarfi, skapandi greina og nýsköpunar á Suðurlandi. Sköpun í skólastarfi er einn af sex grunnþáttum skólastarfs í nýrri aðalnámskrá. Mikilvægt er að allir nemendur á Suðurlandi hafi jafnan aðgang að metnaðarfullum skóla þar sem skapandi greinar og nýsköpun gefa þeim möguleika á að efla færni sína til að skilja, miðla og deila eigin getu og að takast á við verkefni og leysa þau.

Framboð á tónlistarnámi og samstarf tónlistaskóla við skóla á Suðurlandi er til fyrirmyndar. Mikilvægt er einnig að aðgengi að öðrum skapandi greinum og nýsköpun sé tryggt með fjölbreyttu framboði

Sköpun er manneskjunni eðlislæg og felur í sér áskorun, spennu og leik. Listir og skapandi greinar stuðla að persónulegum og fagurfræðilegum þroska okkar og eru mikilvæg aðferð til samskipta og tjáningar. Listamenn kveikja neista undrunar og forvitni, vekja til umhugsunar um önnur sjónarmið og auka víðsýni. Skólar eru stofnanir sem næra sjálfs- og menningarvitund nemenda og stuðla þannig að menningarþroska þar sem listir eru tjáningarform og tæki til sjálfsþroska. Nýsköpun í sinni einföldustu mynd er að skapa eða búa til eitthvað nýtt sem og endurbæta það sem þegar er til staðar.

### Meginmarkmið

Markmiðið er að styrkja stöðu skapandi greina, efla skilning almennings á mikilvægi þeirra og auka aðgengi að listum og listviðburðum. Það fer saman með markmiðum nýrrar aðalnámskrár sem er að auka hlut og styrkja stöðu sköpunar í skólastarfinu með áherslu á listnám, skapandi greinar og nýsköpun og stuðla þannig að því að listir og menning verði samofin skólastarfi á öllum skólastigum. Efla þarf færni kennara til að vinna með nemendum sínum að skapandi starfi innan allra greina.



## Aðgerðir

*Unnin verði stefnumótun í samþættingu skólastarfs og skapandi greina*

Leiðir:

- Stefnumótunarvinna með kennurum, skólastjórnendum, nemendum, foreldrum, listamönnum og öðrum á Suðurlandi
- Verkefnastjóri verði ráðinn

*Útbúin verði aðgerðaáætlun til lengri og skemmri tíma, með tímasettum markmiðum, ábyrgðarmönnum og mælikvörðum*

Leiðir:

- Verkefnastjóri hefur yfirumsjón með að efla og þróa sköpun innan skólanna í samræmi við þessar hugmyndir, leitar eftir samstarfi, vinnur að áætlanagerð og hefur umsjón með framkvæmd verkefnisins og kynningarmálum.

*Auka þekkingu á skapandi greinum og sköpun í skólastarfi með sérstakri áherslu á menntun kennara. Samstarf skóla verði eflt og góðar fyrirmyndir í skapandi starfi kynntar*

Leiðir:

- Námskeið fyrir kennara til að efla sköpun í kennslu, í öllum greinum
- Efla samstarf við söfn, myndlistaskóla, leiklistarhópa, háskóla, fjöllistahópa, nýsköpunarmiðstöð og aðra aðila
- Styrktir menningarviðburðir sem fara vítt og breitt um svæðið (Tónlist fyrir alla, Þjóðleikur, rithöfundaheimsóknir, heimsóknir listamanna, listsýningar, leiksýningar)
- Ýmis tækifæri nýtt til kynningar á fyrirmyndarverkefnum (menntaþing, samfélagsmiðlar, kennaraþing og fleira)



## *Efla samstarf við listamenn á Suðurlandi og nýta þann mannauð sem er innan skapandi greina og nýsköpunar*

Leiðir:

- Gestakennarar í ýmsum skapandi greinum
- Haldin verði árleg listahátíð ungs fólks
- Menntalestin, námskeið og smiðjur fyrir kennara, nemendur og nærsamfélag, í nýsköpun, list- og verkgreinum og menningartengdu starfi – hugsanleg afurð gæti verið verkefni sem hver og einn skóli gæti aðlagð sínu starfi (s.s. þematengd verkefni, verkefni sem tengjast sem flestum námsgreinum [Söfn og setur á Suðurlandi, Þjóðgarðar, Katla Geopark, lista- og handverksmenn úr öllum geirum, o.fl.] – t.d. þriggja ára áætlun. Áhersla á að svæðið og einstakir hlutar þess, eftir því sem verður við komið, verði sjálfbær um að halda slíkri vinnu áfram.

### **Tillögur að mælikvörðum**

- Fjöldi námstilboða til að efla sköpun í skólastarfi og fjöldi þátttakenda
- Fjöldi tíma sem nemendur hafa aðgang að skapandi greinum og nýsköpun
- Fjöldi nemenda sem velur list- og verkgreinar í skólanum
- Fjöldi heimsóknna á menningarstofnanir, viðburði og fyrirtæki vegna list- og/eða nýsköpunarverkefna
- Fjöldi listamanna sem heimsækja skóla
- Fjöldi þátttakenda sem sækja námskeið innan skapandi greina og nýsköpunar fyrir almenning (nemendastundir)



## Fylgiskjöl:

- Skoðanakönnun
- Niðurstaða allir skólar
- Niðurstaða leikskólar
- Niðurstaða yngsta- og miðstig grunnskóla
- Niðurstaða unglingastig
- Niðurstaða framhaldsskólar



Spurningar vegna stöðugreiningar á stöðu listnáms, nýsköpunar og skapandi greina á öllum skólastigum á Suðurlandi. Greiningin er unnin á vegum SASS og Sóknaráætlunar Suðurlands. Í greiningunni er gengið út frá skilgreiningu starfshóps á vegum ríkisstjórnarinnar, um skapandi greinar sem skilaði skýrslu í september 2012. Skapandi greinar eru þar skilgreindar sem: Menningararfur, safna- og minjavarsla, Myndlist, Sviðslistir, Tónlist, Hönnun og byggingalist, Kvikmyndagerð – framleiðsla sjónvarpsefnis og Bókmenntir

Ein af niðurstöðum skýrslunnar er að efla þurfi samstarf milli skóla, listamanna og menningarstofnana um leið og kennsla í nýjum miðlum verði eflað og styrkt. Seinni hluti þessarar greiningarvinnu miðar að því að draga fram hvaða hugmyndir skólastjórnendur og kennarar hafa um þá möguleika sem þeirra skólar hafa á að vera þátttakendur og gerendur í eflingu listnáms, nýsköpunar og skapandi greina í skólastarfi og námi nemenda.<sup>1</sup>

## 1. Skólastig

- ☐ Leikskóli
- ☐ Yngsta- og miðstig grunnskóla
- ☐ Unglingastig grunnskóla
- ☐ Framhaldsskóli
- ☐ Fullorðinsfræðsla
- ☐

## 2. Fjöldi nemenda skólaárið 2012-2013

- ☐ Undir 50
- ☐ 50-100
- ☐ 101-150
- ☐ 151-200
- ☐ 200+

<sup>1</sup> <http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Skapandi-greinar-syn-til-framtidar.pdf>



### 3. Staða listnáms, nýsköpunar og skapandi greina í skólastarfinu skólaárið 2012-2013

Í mínum skóla er listnámskennsla:

- ☐ Hluti af námskrá skólans
- ☐ Kennd sem valgrein
- ☐ Notuð sem kennsluaðferð

Í mínum skóla er nýsköpun

- ☐ Hluti af námskrá skólans
- ☐ Kennd sem valgrein
- ☐ Notuð sem kennsluaðferð

Í mínum skóla er kennsla í skapandi greinum

- ☐ Hluti af námskrá skólans
- ☐ Kennd sem valgrein
- ☐ Notuð sem kennsluaðferð

Fjöldi tíma pr. nemanda á viku í listgreinum:

- ☐ 0-4
- ☐ 5-10
- ☐ 10+

Fjöldi tíma pr. nemanda á viku í nýsköpun:

- ☐ 0-4
- ☐ 5-10
- ☐ 10+





Fjöldi tíma pr. nemanda á viku í skapandi greinum:

☐ 0-4

☐ 5-10

☐ 10+

Aldur nemenda sem fá kennslu í:

Listnám:

Nýsköpun:

Skapandi greinar:

Í mínum skóla er boðið upp á nám í:

☐ Myndlist

☐ Sviðslistum

☐ Tónlist

☐ Hönnun og byggingalist

☐ Kvikmyndagerð – framleiðsla sjónvarpsefnis

☐ Bókmenntum

☐ Menningararfi, safna- og minjavörslu

#### 4. Samstarfsverkefni, aðstaða til náms í listgreinum og menntun kennara

Í mínum skóla er sérstakur kennari/kennarar með sérmenntun í

☐ Listnám – Fjöldi kennara:

☐ Nýsköpun – Fjöldi kennara:

☐ Skapandi greinar – Fjöldi kennara:



Fengu kennarar utanaðkomandi fræðslu í kennslu listgreina, nýsköpunar og skapandi greina skólaárið 2012-2013?

☐

Listnám

☐

Nýsköpun

☐

Skapandi greinar

Á skólinn í samstarfi við utanaðkomandi aðila innan menningargeirans og skapandi starfsgreina?

---

---

---

---

Er samstarf innan skólans milli hefðbundinna greina og listnáms, nýsköpunar eða skapandi greina?

---

---

---

---

Er sérstök aðstaða til kennslu listnáms, nýsköpunar eða skapandi greina og ef svo er hver?

---

---

---

---



## 5. Annað

Hefur kennarinn/kennararnir yfirsýn yfir það fjármagn sem er ætlað í kennslu listnáms t.d. efniskostnað og er aukafjármuni að fá í utanaðkomandi fyrirlesara eða til að halda sýningu og/eða aðra upptökur?

---

---

---

---

Athugasemdir sem skólinn vill koma á framfæri varðandi þetta verkefni:

---

---

---

---



# Skoðanakönnun


## niðurstöður fyrir alla skóla



## Stöðugreining á stöðu listnáms, nýsköpunar og skapandi greina á öllum skólastigum á Suðurlandi

### Q1 Skólastig

Answered: 50 Skipped: 0



| Answer Choices                 | Responses |    |
|--------------------------------|-----------|----|
| Leikskóli                      | 36%       | 18 |
| Yngsta- og miðstígg grunnskóla | 30%       | 15 |
| Unglingastígg grunnskóla       | 26%       | 13 |
| Framhaldsskóli                 | 8%        | 4  |
| Fullorðinsfræðsla              | 0%        | 0  |
| Total                          |           | 50 |


1 / 17



Stöðugreining á stöðu listnáms, nýsköpunar og skapandi greina á öllum skólastigum á Suðurlandi

**Q2 Fjöldi nemenda skólaárið 2012-2013**

Answered: 50 Skipped: 0



| Answer Choices | Responses |
|----------------|-----------|
| Undir 50       | 34% 17    |
| 50-100         | 28.00% 14 |
| 101-150        | 18% 9     |
| 151-200        | 10% 5     |
| 200+           | 10% 5     |
| Total          | 50        |

2 / 17






Stöðugreining á stöðu listnáms, nýsköpunar og skapandi greina á öllum skólastigum á Suðurlandi

**Q3 í mínum skóla er listnámskennsla:**

Answered: 50 Skipped: 0




| Answer Choices           | Responses |    |
|--------------------------|-----------|----|
| Hluti af námskrá skólans | 86%       | 43 |
| Kennd sem valgrein       | 46%       | 23 |
| Notuð sem kennsluaðferð  | 46%       | 23 |
| Total Respondents: 50    |           |    |



Stöðugreining á stöðu listnáms, nýsköpunar og skapandi greina á öllum skólastigum á Suðurlandi

**Q4 í mínum skóla er nýsköpun**

Answered: 20 Skipped: 30




| Answer Choices           | Responses |    |
|--------------------------|-----------|----|
| Hluti af námskrá skólans | 75%       | 15 |
| Kennd sem valgrein       | 30%       | 6  |
| Notuð sem kennsluaðferð  | 40%       | 8  |
| Total Respondents: 20    |           |    |



Stöðugreining á stöðu listnáms, nýsköpunar og skapandi greina á öllum skólastigum á Suðurlandi

### Q5 í mínum skóla er kennsla í skapandi greinum

Answered: 50 Skipped: 0



| Answer Choices           | Responses |    |
|--------------------------|-----------|----|
| Hluti af námskrá skólans | 92%       | 46 |
| Kennd sem valgrein       | 48%       | 24 |
| Notuð sem kennsluáðferð  | 60%       | 30 |
| Total Respondents: 50    |           |    |


5 / 17



Stöðugreining á stöðu listnáms, nýsköpunar og skapandi greina á öllum skólastigum á Suðurlandi

### Q6 Fjöldi tíma pr. nemanda á viku í listgreinum

Answered: 50 Skipped: 0



| Answer Choices        | Responses |    |
|-----------------------|-----------|----|
| 0-4                   | 60%       | 30 |
| 5-10                  | 42%       | 21 |
| 10+                   | 0%        | 0  |
| Total Respondents: 50 |           |    |


6 / 17



Stöðugreining á stöðu listnáms, nýsköpunar og skapandi greina á öllum skólastigum á Suðurlandi

### Q7 Fjöldi tíma pr. nemanda á viku í nýsköpun

Answered: 21 Skipped: 29



| Answer Choices | Responses |    |
|----------------|-----------|----|
| 0-4            | 76.19%    | 16 |
| 5-10           | 23.81%    | 5  |
| 10+            | 0%        | 0  |
| Total          |           | 21 |


7 / 17



Stöðugreining á stöðu listnáms, nýsköpunar og skapandi greina á öllum skólastigum á Suðurlandi

### Q8 Fjöldi tíma pr. nemanda á viku í skapandi greinum

Answered: 50 Skipped: 0




| Answer Choices | Responses |
|----------------|-----------|
| 0-4            | 28.00% 14 |
| 5-10           | 64% 32    |
| 10+            | 8% 4      |
| Total          | 50        |



Stöðugreining á stöðu listnáms, nýsköpunar og skapandi greina á öllum skólastigum á Suðurlandi

**Q9 Aldur nemenda sem fá kennslu í**

Answered: 49 Skipped: 1



| Answer Choices        | Responses |    |
|-----------------------|-----------|----|
| Listnámi              | 100%      | 49 |
| Nýsköpun              | 38.78%    | 19 |
| Skapandi greinum      | 100%      | 49 |
| Total Respondents: 49 |           |    |






Stöðugreining á stöðu listnáms, nýsköpunar og skapandi greina á öllum skólastigum á Suðurlandi

### Q10 Í mínum skóla er boðið uppá nám í

Answered: 50 Skipped: 0




| Answer Choices                              | Responses |    |
|---------------------------------------------|-----------|----|
| Myndlist                                    | 98%       | 49 |
| Sviðslistum                                 | 92%       | 46 |
| Tónlist                                     | 100%      | 50 |
| Hönnun og bygginalist                       | 86%       | 43 |
| Kvikmyndagerð og framleiðsla sjónvarpsefnis | 52%       | 26 |
| Bókmenntum                                  | 70%       | 35 |
| Menningararfi, safna- og minjavörslu        | 72%       | 36 |
| Total Respondents: 50                       |           |    |



Stöðugreining á stöðu listnáms, nýsköpunar og skapandi greina á öllum skólastigum á Suðurlandi

### Q11 í mínum skóla er sérstakur kennari/kennarar með sérmenntun í

Answered: 38 Skipped: 12




| Answer Choices                    | Average Number | Total Number | Responses |
|-----------------------------------|----------------|--------------|-----------|
| Listnámi - fjöldi kennara         | 1.91           | 61           | 32        |
| Nýsköpun - fjöldi kennara         | 1.00           | 8            | 8         |
| Skapandi greinar - fjöldi kennara | 4.78           | 153          | 32        |
| Total Respondents: 38             |                |              |           |



Stöðugreining á stöðu listnáms, nýsköpunar og skapandi greina á öllum skólastigum á Suðurlandi

**Q12 Fengu kennarar utanaðkomandi fræðslu í kennslu listgreina, nýsköpunar og skapandi greina skólaárið 2012-2013?**

Answered: 35 Skipped: 15



| Answer Choices        | Responses |
|-----------------------|-----------|
